

Starfsreglur starfskjaranefndar Isavia ohf. og dótturfélaga

1. Markmið

- 1.1 Starfskjaranefnd Isavia ohf. (hér eftir nefnt móðurfélagið) og dótturfélaga, hér eftir nefnt félagið er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins í tengslum við starfskjör hjá félaginu og að þau styðji við markmið þess og hagsmuni.
- 1.2 Starfskjaranefnd skal starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum og er skipuð af stjórn móðurfélagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum Atvinnulífsins.
- 1.3 Nánar er kveðið á um ábyrgð og hlutverk nefndarinnar í 6. gr. þessara reglna.
- 1.4 Starfsreglur þessar taka til samstæðu Isavia ohf.

2. Skipun nefndarmanna

- 2.1 Stjórn móðurfélagsins skipar nefndarmenn og formann starfskjaranefndar til eins árs í senn og skal nefndin svara beint til stjórnar. Nefndarmenn skulu skipaðir eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.
- 2.2 Starfskjaranefnd skal skipuð tveimur stjórnarmönnum sem eru óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.
- 2.3 Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar.
- 2.4 Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni félagsins og dótturfélaga, starfsmanna þess, sem og önnur atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn. Öll gögn sem aflað er vegna vinnu nefndarinnar skulu nefndarmenn fara með sem trúnaðargögn.

3. Heimildir starfskjaranefndar og aðgengi að gögnum

- 3.1 Starfskjaranefnd hefur heimildir til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt starfsreglum þessum. Skal starfskjaranefnd hafa óheftan aðgang að starfsfólki og stjórnendum félagsins í því skyni að fá upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegar vegna starfa sinna.

- 3.2 Starfskjaranefnd hefur heimild til þess að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar, eins og hún telur nauðsynlegt til að sinna sínu hlutverki. Þeir ráðgjafar skulu vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess og ber nefndin ábyrgð á því að kanna óhæði slíkra ráðgjafa.

4. Fundir og starfshættir

- 4.1 Fundir eru haldnir að ósk nefndarmanna og formaður starfskjaranefndar boðar til funda. Fundir skulu að jafnaði haldnir tvisvar á ári eða oftari telji starfskjaranefnd ástæðu til.
- 4.2 Í upphafi hvers starfsárs skal nefndin gera áætlun um verkefni ársins, nefndarfundi og fundarefni.
- 4.3 Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af nefndarmönnum. Stjórn skal hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar.
- 4.4 Nefndin er ákvörðunarbær ef allir nefndarmenn sækja fund.
- 4.5 Það er ákvörðun nefndarinnar hvort tilteknir starfsmenn séu viðstaddir fundi nefndarinnar.
- 4.6 Heimilt er að halda fundi nefndarinnar í gegnum fjarfundabúnað og undirrita fundargerðir rafrænt.

5. Samskipti við stjórn

- 5.1 Starfskjaranefnd skal að öllu jafna eiga samskipti sín við stjórn á stjórnarfundum félagsins.
- 5.2 Stjórn móðurfélagsins skal á hverju ári yfirfara og samþykkja starfsáætlun nefndarinnar.
- 5.3 Stjórn móðurfélagsins getur falið starfskjaranefnd að skoða önnur málefni en sérstaklega er vísað til í reglum þessum og getur nefndin jafnframt tekið slík mál fyrir að eigin frumkvæði.
- 5.4 Nefndin skal gera tillögur til stjórnar móðurfélagsins varðandi álitaefni sem nefndin hefur orðið vör við í tengslum við ábyrgðarsvið sitt og telur að ættu að koma til skoðunar hjá stjórn félagsins.

6. Hlutverk og verkefni starfskjaranefndar

- 6.1 Starfssvið starfskjaranefndar nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess.
- 6.2 Starfskjaranefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar móðurfélagsins og stjórnenda um málefni nefndarinnar.
- 6.3 Starfskjaranefnd skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:
 - a) Móta árlega starfskjarastefnu félagsins sem lögð skal fyrir stjórn móðurfélagsins og aðalfund til samþykktar.
 - b) Hafa eftirlit með framkvæmd starfskjarastefnu og því að launakostnaður og starfskjör séu í samræmi við áætlanir og markmið félagsins, lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni.
 - c) Gera tillögu til hluthafafundar um starfskjör stjórnarmanna.
 - d) Gera tillögu til stjórnar um viðmið og ramma fyrir laun og önnur starfskjör forstjóra sem og framkvæmdastjóra dótturfélaga. Skal starfskjaranefnd tryggja að starfskjör forstjóra og framkvæmdastjóra dótturfélaga séu samkeppnishæf en þó ekki leiðandi. Forstjóri og framkvæmdastjórar dótturfélaga eru ábyrgir fyrir starfskjörum annarra stjórnenda og að þau séu í samræmi við starfskjarastefnu félagsins.
 - e) Veita álit til stjórnar félagsins fyrir fram á kaupaukakerfi, sé fyrirhugað að koma slíku kerfi á.
 - f) Taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins
 - g) Starfskjaranefnd ber að framkvæma árangursmat á störfum nefndarinnar og einstakra nefndarmanna eigi sjaldnar en árlega og upplýsa stjórn móðurfélagsins um niðurstöður matsins.
 - h) Árlega skal starfskjaranefnd skila til stjórnar móðurfélagsins skýrslu um helstu viðfangsefni og niðurstöður nefndarinnar á starfsárinu.

7. Önnur atriði

- 7.1 Aðalfundur félagsins ákveður þóknun nefndarmanna.

Samþykkt af stjórn Isavia ohf. 9. nóvember 2022.